Föstudaginn 16. desember 1988.

Nr. 343/1987. **Guðmundur Björgúlfsson**
(Ólafur Axelsson hrl.)
gegn
Guðlaugi Úlfarssyni
og gagnsök
(Árni Grétar Finnsson hrl.)

Lausafjárkaup. Galli. Afsláttur. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. desember 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 23. nóvember. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. desember 1987. Kröfur hans eru þær aðallega, ,að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða gagnáfrýjanda í bætur og/eða sem afslátt kr. 239.399,00 með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði og broti úr mánuði frá 16.9. 1985 til 1.3. 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.4. 1986, en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.4. 1987 og síðan frá þeim degi til greiðsludags mánaðarlega dráttarvexti samkvæmt ákvæðum 10. greinar vaxtalaga nr. 25/1987. Þá er þess krafist, að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldar á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 16.9. 1986 og að dráttarvextir verði þá reiknaðir af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta samkvæmt ákvæðum 12. greinar nefndra vaxtalaga. Þá krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað að skaðlausu fyrir undirrétti og Hæstarétti að viðbættum söluskatti lögum samkvæmt, nú 12%.

Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að undirréttardómurinn verði staðfestur með þeim breytingum, að frá 1.4. 1987 og til greiðsludags verði aðaláfrýjandi dæmdur til þess að greiða mánaðarlega dráttarvexti af höfuðstól dómsfjárhæðar samkvæmt 10. grein vaxtalaga nr. 25/1987, ennfremur að áfallnir dráttarvextir bætist við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 16.9. 1986 og

að dráttarvextir verði þá reiknaðir af samanlagðri fjárhæð höfuðstóls og vaxta samkvæmt ákvæðum 12. greinar vaxtalaga. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti auk söluskatts af málskostnaði lögum samkvæmt.

Til þrautavara krefst gagnáfrýjandi þess, að undirréttardómurinn verði staðfestur og aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu fyrir Hæstarétti auk söluskatts af málskostnaðinum lögum samkvæmt."

Ný sönnunargögn hafa ekki verið lögð fyrir Hæstarétt. Málavöxtum er lýst í héraðsdómi.

Um bótakröfu gagnáfrýjanda er þessa að geta: Aðaláfrýjandi átti gröfuna, sem mál þetta snýst um, í nokkra mánuði og notaði hana í atvinnu sinni. Hann hafði stundað slík störf í áratugi. Eins og segir í hinum áfrýjaða dómi voru dómkvaddir matsmenn spurðir álits á því, hvort unnt hefði verið að sjá fyrir skemmdirnar, sem urðu á gröfunni. Þessu svöruðu þeir þannig: „Skemmdir verða ekki fyrr en allt í einu ... Slit í áframkeyrslu er mjög mikið og teljum við að vinnuvélastjóri, sem þekkir til vinnu á sjálfskiptum vélum, hefði getað fundið aflleysi áframkeyrslunnar með því að hafa fyrirstöðu fyrir gröfunni þegar ástand hennar var skoðað og reynt." Þótt þetta sé lagt til grundvallar verður ekki talið fram komið að seljandinn (aðaláfrýjandi) hafi vitað um galla í gírkassanum. Þegar þetta er haft í huga og einnig hitt að grafan var gömul og bilunin varð í lokuðum hluta tækisins verður að fallast á þá niðurstöðu héraðsdómra, að gagnáfrýjandi geti ekki krafið aðaláfrýjanda um skaðabætur skv. 42. gr. 2. mgr. laga nr. 39/1922.

Um afsláttarkröfu gagnáfrýjanda er þetta að segja: Þegar hann keypti gröfuna, sem málið snýst um, af aðaláfrýjanda, var hún 11 ára gömul og slitin. Henni var ekið nokkra kílómetra, eftir að gagnáfrýjandi fékk hana afhenta, en við fyrsta verkið, sem hann vann við eftir það, bilaði gírkassinn og kom fljótt eftir það fram, að hann var ónýtur. Ósannað er, að seljandinn (aðaláfrýjandi) hafi tekið ábyrgð á tjóni, sem af slíkri bilun kynni að leiða. Ekki er heldur sannað, að hann hafi, eftir að bilunin kom fram, lofað gagnáfrýjanda greiðslu vegna hennar, ef ekki yrði um sátt að ræða. Þó að gagnáfrýjandi hafi mátt búast við ýmsum bilunum í tækinu, þykir verða að líta til þess, hve fljótt eftir afhendingu gírkassinn eyðilagð-

ist. Verður að telja, að grafan hafi verið gölluð í merkingu 42. gr. 1. mgr. laga nr. 39/1922, þegar afhending fór fram. Á gagnáfrýjandi því rétt á afslætti af kaupverðinu úr hendi aðaláfrýjanda.

Nokkuð skortir á, að gögn hafi verið lögð fram, sem vera þyrftu fyrir hendi, þegar afslátturinn er ákveðinn. Kaupverðið 1985 var 400.000,00 krónur, og óumdeilt er, að á sama tíma hefði ný sams konar grafa kostað 4.000.000,00 króna. Viðgerðarkostnaðurinn var 164.399,00 krónur. Þar af voru vinnulaun 46.904,00 krónur, en varahlutakostnaður 117.495,00 krónur. Er fram komið, að nýir varahlutir voru settir í gírkassann, og telur aðaláfrýjandi að það hafi þýðingu við ákvörðun greiðslu til gagnáfrýjanda. Eins og málið liggur fyrir verður að byggja á því, að 400.000,00 krónur hafi verið verðmæti gröfu af þessari gerð og aldri í þannig ástandi, að hana mætti nota um skeið án meiriháttar viðgerðar á gírkassa. Verðmætið með ónýtum gírkassa hefur hins vegar ekki verið upplýst. Ekki er unnt að byggja á því, að það hafi verið söluverðið að viðgerðarkostnaðinum frádregnum, þar sem nýir varahlutir voru settir í tækið. Ekki er heldur fær sú leið að telja verðmætið sama hlutfall af kaupverðinu og fæst með því að draga viðgerðarkostnaðinn frá verði nýrrar gröfu og finna hlutfall útkomunnar af því verði. Ekki er fram komið, að vinnulaun við viðgerð á gírkassanum séu önnur, þegar gert er við gamla vél, en vera myndi, ef um nýtt tæki væri að tefla. Af þessum sökum verður að kveða á um afsláttinn eftir álitum. Þykir þá verða að hafa í huga, að hér var um gamalt tæki að ræða, sem í voru settir nýir varahlutir, og svo hitt, að vinnulaunin voru eins og sagt var um 47.000,00 krónur. Þykir afslátturinn hæfilega ákveðinn 75.000,00 krónur.

Aðilar deila ekki um vexti. Vextir verða þó ekki dæmdir sem mánaðarvextir í samræmi við orðalag í aðalkröfu gagnáfrýjanda heldur sem ársvextir eftir varakröfunni. Er í 10. gr. 1. mgr. vaxtalaga nr. 25/1987 svo fyrir mælt að dráttarvextir skuli vera ársvextir. Nú gilda einnig um vextina ákvæði III. kafla bráðabirgðalaga nr. 83/1988 um efnahagsaðgerðir. Kröfu um vaxtavexti frá 16. september 1985, sem reiknist í fyrsta sinn 16. september 1986, ber að taka til greina.

Eftir þessum úrslitum verður aðaláfrýjanda gert að greiða gagnáfrýjanda málskostnað, sem er hæfilega ákveðinn 83.000,00 krónur samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Guðmundur Björgúlfsson, greiði gagnáfrýjanda, Guðlaugi Úlfarssyni, 75.000,00 krónur með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði frá 16. september 1985 til 1. mars 1986, 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1. apríl 1986, 2,25% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 14. apríl 1987, en síðan með ársvöxtum sem eru dráttarvextir eftir III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. bráðabirgðalög nr. 83/1988, allt til greiðsludags. Höfuðstólsfæra skal vexti frá 16. september 1985 hinn 16. september 1986 og síðan árlega þann mánaðardag.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 83.000,00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 24. mars 1987.

Þ.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 11. þ.m., hefur Guðlaugur Úlfarsson, 2994-6231, Laufvangi 4, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum hinn 21. október 1986 gegn Guðmundi Björgúlfssyni, 3049-6532, Sæbergi 13, Breiðdalsvík, til heimtu kröfu að fjárhæð kr. 239.399,00 með 3,75% dráttarvöxtum á mánuði og broti úr mánuði frá 16.9. 1985 til 1.3. 1986, en með 2,75% dráttarvöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.4. 1986, en með 2,25% dráttarvöxtum á mánuði og broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

II.

Hinn 27. apríl 1985 keypti stefnandi af stefnda J.C.B. traktorsgröfu árgerð 1974 á kr. 400.000,00. Greiddi kaupverðið með 4 100.000,00 króna skuldabréfum, með gjalddögum 26. júlí 1985, 26. október 1985, 26. janúar 1986 og 26. apríl 1986. Óumdeilt er að á þessum tíma var kaupverð nýrra véla af samsvarandi gerð um kr. 4.000.000,00. Í afsali segir að hið selda seljist í „núverandi ástandi, sem kaupandi hefur þegar kynnt sér, og sættir sig við að öllu leyti."

Aðilar eru sammála um að þegar kaupin fóru fram hafi ekki fundist neitt athugavert við vélina, en stefnandi, kaupandinn, ók henni lítils háttar við Vörubílasöluna að Lækjargötu 46 í Hafnarfirði, sem hafði milligöngu um kaupin.

Stefnandi hefur skýrt svo frá að eftir kaupin hafi hann ekið vélinni heim til föður síns, sem er vörubifreiðarstjóri og býr að Hraunbrún 25 í Hafnarfirði. Stefnandi starfaði á þessum tíma í Álverinu í Straumsvík. Málaði hann vélina og kveður hann það verk hafa staðið yfir í ca hálfan mánuð eða rúmleg það. Á þeim tíma hafi hann ekkert notað vélina. Skömmu síðar hafi hann fyrst byrjað að vinna með vélinni og þá við plan við fjölbýlishús á Hvaleyrarholtinu í Hafnarfirði. Var verkið í því fólgið að stefnandi ýtti út fyllingarefni sem flutt var með bílum í planið. Kveður hann á fyrsta hálftímanum sem hann var með vélina í því verki hafa komið fram bilun í gírskiptingu hennar, en vélin er sjálfskipt. Bilunin hafi lýst sér í því að ekki hafi verið unnt að aka vélinni áfram. Hinsvegar hafi verið unnt að aka henni aftur á bak. Kveðst stefnandi hafa ekið vélinni heim aftur á bak ca 2 km leið. Hann giskar á að þetta hafi verið um einum mánuði eftir að kaupin áttu sér stað. Kveður stefnandi föður sinn nú hafa rætt við bílasalann og hann lofað að hafa samband við stefnda, seljanda vélarinnar. Nokkur dráttur hafi orðið á þessu hjá bílasalanum en um viku síðar hafi faðir stefnanda náð sambandi við stefnda og hann komið á vettvang til þess að athuga vélina. Þegar stefndi settist upp í vélina, þá hafi gírskiptingin verkað með eðlilegum hætti og allt virst vera í lagi. Að svo búnu hafi stefndi farið. Skömmu síðar kveðst stefnandi hafa farið með vélina í vinnu, ætlað að moka með henni á bíl fyllingarefni eða mold í námunda við Skipasmíðastöð Stálvíkur hf. Hafi hann mokað á einn bíl, en þá hafi nákvæmlegu sömu bilunareinkennin komið fram og í hið fyrra sinn. Kveðst þá stefnandi hafa snúið sér til innflytjanda vélarinnar, Glóbus hf., og hafi starfsmenn þar bent honum á Vélaþjónustuna á Ártúnshöfða. Þeir hafi ekki haft tök á að taka vélina inn á verkstæði sitt til viðgerðar en bent á Vinnuvélaþjónustuna sf. í Kópavogi. Stefnandi kveðst hafa leitað fyrir sér að fá varahluti úr gömlu í gírkassann, en það ekki tekist.

Þórður Ólafsson vélvirki, starfsmaður Vinnuvélaþjónustunnar sf. og meðeigandi í fyrirtækinu, kom fyrir dóminn. Hann kvað ekki hafa verið hægt að aka vélinni áfram er stefnandi kom með hana til viðgerðar. Hann kvaðst ásamt stefnanda hafa leitað eftir því, hvort varahlutir úr gömlu væru fáanlegir, m.a. hjá Loftorku hf. og öðrum nafngreindum verktaka en án árangurs. Nýir varahlutir hafi ekki verið á lager hjá umboðinu og þurft hafi að bíða nokkurn tíma eftir þeim.

Ásamt viðgerðarreikningum hefur stefnandi lagt fram yfirlýsingu Vinnuvélaþjónustunnar sf. svohljóðandi: „Vél bakkar en keyrir ekki áfram.

Ástand skiptingar. Áfram clutch hús brotið. Diskar í sama húsi skemmdir. Stimpill í sama húsi skemmdur. Endadiskur (Mótplan) skemmt. Túrbínu öxull skemmdur inní clutch húsi, gömul skemmd. Áfram clutch. Driföxull sem boltast í clutch hús er skemmdur í áfram clutch húsi. Gömul skemmd. Gert hefur verið við þessa skiptingu áður. Líklegt er að kopardiskur hafi brotnað og þanist út í hús, misst grip á túrbínuöxultönnum einn í einu eða þrír. Einn var óbrotinn. Vélin hefur getað gengið á einum disk, meðan hinir hafa brotnað meira og lagst saman og myndað spennu á endaplötuna og sprengt clutchúsið."

Samkvæmt vinnunótum hófst viðgerðin þann 22. ágúst 1985 en lauk hinn 16. september sama ár. Reikningsfjárhæðin er samtals kr. 164.398,00, þar af vinna kr. 45.984,50 auk söluskatts.

Stefnandi krafði nú stefnda um bætur þar eð hann taldi vélina hafa verið haldna leyndum galla við kaupin. Er samningar tókust ekki fól stefnandi lögmanni kröfuna til innheimtu, er ritaði stefnda kröfubréf hinn 8. nóvember 1985 og beiddist dómkvaðningar matsmanna hinn 23. janúar 1986. Til þess að framkvæma hið umbeðna mat voru hinn 20. febrúar 1986 dómkvaddir þeir Þór Magnússon vélstjóri og Gunnar Sigurgeirsson bifvélavirki, er skiluðu hinn 4. maí 1986 matsgerð. Þar segir að lýsing Vinnuvélaþjónustunnar sf. á biluninni sem áður er til vitnað geti fullkomlega staðist og sé það álit „byggt á ummerkjum á broti úr koparhring og öðrum skemmdum hlutum skiptingarinnar". Í matsgerðinni segir ennfremur:

„Undirritaðir hafa yfirfarið ljósrit af reikningunum, kannað verð varahluta, áætlað tíma við upptekningu ásamt því að taka skiptinguna úr og ganga frá henni í aftur. Varahlutakaup eru í samræmi við þá hluti sem við höfum fengið til mats og skoðunar.

Við gerum engar athugasemdir við reikningana."

Ein þeirra spurninga til matsmanna, sem bornar eru fram í matsbeiðni, var svohljóðandi:

„Var mögulegt að aka tækinu á þann hátt sem er lýst hér að ofan, þannig að skemmdir hefðu ekki komið fram fyrr en við átak?"

Um þetta segja matsmenn:

„Af útliti þeirra diska sem við skoðuðum er sjáanlegt mjög mikið slit í kopar og ståldiskum. Við teljum því að þetta hefði þessvegna getað skeð fyrr. Endanleg skemmd verður ekki fyrr en allt í einu og átök hjálpa þar til og eftir það verður áframkeyrsla óvirk."

Spurningu matsbeiðanda: „Var við venjulega skoðun hægt að sjá fyrir um ofangreindar skemmdir?" svara matsmenn svo:

„Skemmdir verða ekki fyrr en allt í einu eins og áður hefur komið fram. Slit í áframkeyrslu er mjög mikið og teljum við að vinnuvélastjóri sem þekkir til vinnu á sjálfskiptum vélum hefði getað fundið aflleysi áfram-

keyrslunnar með því að hafa fyrirstöðu fyrir gröfunni þegar ástand hennar var skoðað og reynt."

III.

Stefnandi telur ósannað að vélin hafi verið haldin leyndum galla er kaupin fóru fram. Stefnandi hafi kvartað um bilun um einum mánuði eftir kaupin, en stefndi þá komið á vettvang og skoðað vélina og reynsluekið henni og þá hafi hún reynst í lagi. Um þetta atriði sé enginn ágreiningur. Nær þremur mánuðum síðar og nær fjórum mánuðum eftir kaupin hafi stefnandi fært vélina á verkstæði til umfangsmikillar viðgerðar án þess að hafa neitt samband við stefnda. Telur stefndi að stefnandi hafi þarna stofnað til allt of kostnaðarsamrar viðgerðar og í engu samræmi við heildarverðmæti vélarinnar. Það sjáist best af því að kaupverðið hafi verið kr. 400.000,00 en viðgerðarreikningurinn kr. 164.398,00. Telur stefndi að hin eðlilega leið hefði verið að kaupa notaða varahluti, þ.e. sjálfskiptingu úr gamalli vél, en ef sú leið hefði verið farin þá hefði ekki þurft fagmann til að framkvæma viðgerðina. Þá hefði verið um þesshátta viðgerð að ræða sem venjulegast sé að eigendur smærri vinnuvéla framkvæmi sjálfir í stað þess að kaupa dýra verkstæðisvinnu. Telur stefndi líklegt að samkomulag hefði tekist við sig, ef stefnandi hefði haft samband við sig, og þá á þann veg að hann útvegaði gamla sjálfskiptingu sem hann telur að hefði verið auðvelt og aðstoðaði sjálfur stefnanda við að koma henni í vélina. Hvernig sem á málið sé litið, þá hafi stefnandi aukið tjón sitt með því að efna til þeirrar dýrustu viðgerðar sem völ var á. Þá bendir stefndi á aldur vélarinnar og kaupverð. Um hafi verið að ræða 11 ára gamla vél, sem seld hafi verið fyrir fjárhæð er nam um 1/10 hluta af verði nýrrar vélar. Stefnandi hafi því mátt búast við að ýmsar bilanir gætu fljótlega komið fram á tækinu. Loks bendir stefndi á, svo sem til vara, að nýtt hafi komið fyrir gamalt og endingartími tækisins aukist og beri að virða það til lækkunar á stefnukröfum.

Stefnandi getur þess að um haustið hafi mótor vélarinnar látið sig og viðgerð kostað um 160.000,00 kr. Einnig hafi stýrismaskína bilað og hafi viðgerð á henni kostnað kr. 28.866,00.

Stefndi hefur upplýst að hann hafi keypt umræddda vél haustið 1984 á kr. 400.000,00. Hann kvaðst hafa sett í hana nýjan vatnskassa og nýja hjólbarða meðan hann átti hana en ekki þurft að leggja í annan umtalsverðan viðhaldskostnað meðan hann átti vélina. Hann sló fram þeirri skýringu á því, að málsaðilar fundu ekkert að vélinni þegar hann prófaði hana í Hafnarfirði í framhaldi af kvörtunum stefnanda, að hann taldi rúmum mánuði eftir kaupin, að þessar vélar ættu það til að festast í bremsum þegar bremsubúnaður væri farinn að slitna, sem lýsti sér í því að ef vélinni væri

bremsað í áframkeyrslu, þá færi hún ekki úr bremsu ef ætti að aka henni enn áfram. Aka þyrfti henni aftur á bak til þess að losa hana úr bremsu og öfugt. Hann kvaðst hafa unnið með vélinni bæði um haustið og vorið við verk á vegum Breiðdalshrepps, m.a. við jarðvegsskipti í plani fyrir framan kaupfélagið skömmu áður en hann seldi vélina og kvaðst ekki hafa orðið var við neina bilun í gírskiptingu hennar, né heldur þegar hann ók henni á bíl og af við flutning hennar að austan.

Björn Björgvinsson, fyrrverandi sveitarstjóri á Breiðdalsvík, kvaðst hafa fylgst náið með umræddu verki og ekki orðið var við annað en vélin gengi eðlilega allt til verkloka, en þá var hún tekin á bíl og flutt á bílasöluna þar sem stefnandi keypti hana.

Álit réttarins:

Ekki er fram komið að stefndi Guðmundur hafi við eða fyrir kaupin séð eða mátt sjá fyrir bilun þá á umræddri skurðgröfu er mál þetta snýst um.

Þótt stefnukrafan sé í sóknarskjölum uppbyggð og rökstudd sem skaðabótakrafa, þá þykir allt að einu unnt að túlka kröfugerð stefnanda svo að hann krefjist til vara afsláttar, og var stefnukrafan öðrum þræði rökstudd út frá afsláttarsjónarmiðum í munnlegum málflutningi.

Það verður því niðurstaða dómarans, þegar öll málsgögn eru virt, þ. á m. framburðir aðila og vitna, viðgerðarreikningar og matsgjörð hinna dómkvöddu matsmanna og framangreind réttarfarsafstaða höfð í huga, að stefnandi eigi rétt á afslætti af kaupverði umræddrar vélar sem telst hæfilega ákveðinn kr. 100.000,00.

Vegna kröfugerðar stefnanda dæmast vextir einungis frá 16.9. 1985.

Málskostnaður ákveðst kr. 50.000,00, og er þá tekið tillit til matskostnaðar að fjárhæð kr. 14.000,00.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Guðmundur Björgúlfsson, Sæbergi 13, Breiðdalsvík, greiði stefnanda, Guðlaugi Úlfarssyni, Laufvangi 4, Hafnarfirði, kr. 100.000,00 með 3,75% vöxtum á mánuði frá 16.9. 1985 til 1.3. 1986, en með 2,75% vöxtum á mánuði frá þeim degi til 1.4. 1986, en með 2,25% vöxtum á mánuði frá þeim degi til greiðsludags og kr. 50.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.